

málinu, verða að álykta, að brottflutningur þess af fósturheimilinu nú brjóti í bága við þann samning.

Af þessu leiðir, að *á meðan að þær ástæður eru óbreyttar*, sem í gögnum málsins greinir, þá þykir eigi fært að taka kröfu stefnenda um að þeim verði afhent barnið til greina, og ber því að sýkna stefndu af þeirri kröfu að svo stöddu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Til dráttar þess, er orðið hefur á uppkvaðningu dómsins, liggja þessar orsakir:

Málið var þingfest og dómtekið fyrir ákveðin tilmæli málflytjenda á þeim tíma, þegar dómariinn sá fyrir, að eigi var hægt vegna embættisferðalaga að kveða upp dóm í málinu innan lögskilins frests. Studdu þeir mál sitt með því, að þeir gætu eigi í annan tíma á árinu ferðast hingað til flutnings málsins vegna starfsanna í Reykjavík, þá hafa og ófyrirséðar embættisferðir borið að, svo að dómaramum hefur eigi gefizt næði til nauðsynlegra skrifstofustarfa heima fyrir, fyrr en undir síðastliðin mánaðarmót, en þá var honum gerð endurskoðun á embættinu, er batt störf hans um hálfsmánaðar tíma. Þá hafa verið kveðnir upp 6 dómur í aukadómþinginu á tímabilinu.

Því dæmist rétt vera:

Foreldravald stefnanda, Björns Kristjánssonar og Sigurósar Guðmundsdóttur, yfir barni þeirra, Guðriði Ástu, viðurkennist.

Stefndu, Sigurbergur Dagfinnsson og Valgerður Pálsdóttir, eiga að vera sýkn í þessu máli af kröfu stefnanda um afhendingu á greindu barni. Málskostnaður falli niður

Föstudaginn 19. júní 1942.

Nr. 79/1941. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn

Bolla Eggertssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Manndráp af gáleysi og brot á bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Eggerz settur bæjarfógeti á Akureyri.

Eftir því sem fram hefur komið í rannsókn málsins, virðist eigi geta leikið vafi á því, að Konráð heitinn Antons-son hafi fallið á götuna af því að bifreið sú, er ákærði stýrði, rakst á hann, en fall þetta olli dauða Konráðs. Það verður og að telja sannað, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni A 61 á Konráð heitinn. Með sæmilegri varkárni, meðal annars með því að vikja bifreiðinni til hægri, verður að ætla, að allsgáður maður hefði getað afstýrt slysi. En eigi verður annað séð en að ákærði hafi ekið beint áfram, án þess að gæta nægilega ferðar Konráðs heitins. Þykir því verða að líta svo á, að ákærði hafi með óvarkárni í akstri sínum orðið orsök í dauða Konráðs. Varðar þetta brot ákærða við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. En önnur brot hans varða nú við 7. og 23. gr. laga nr. 23/1941 sbr. 38. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 19/1940. Og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 45 daga varðhald.

Stúlka sú, er sat í bifreið ákærða við hlið hans, er ofangreint slys varð, hefur borið það og staðfest fyrir dómi, að hún hafi orðið þess vör, að bifreiðin kæmi við mann, er henni skyldi ekið fram hjá Konráði heitnum, og kveðst hún hafa haft orð á því við ákærða, sem hann hefur þó neitað sig hafa heyrt það. Ef ákærði hefur eigi veitt því eftirtekt, að bifreiðin kom við manninn, eins og stúlkan gerði, þá virðist það bera því vitni, að ákærði hafi þá ekki haft þann eftirtektarnæmleika, sem bifreiðarstjóra er nauðsynlegur. En ef ákærði hefur orðið þessa atviks var eða tekið eftir orðum stúlkunnar, þá bar honum þegar að stöðva bifreið sína. Loks er aðgætandi, að ákærði neytti áfengis að mun þegar eftir að hann var kominn að Þverá, þaðan sem hann virðist hafa ætlað að aka bifreiðinni aftur til Akureyrar. Þegar alls þessa er gætt, þykir rétt að svipta ákærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Eftir þessum málalokum ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Bolli Eggertsson, sæti 45 daga varðhaldi.

Ákærði skal sviptur rétti til stjórnar bifreiðar ævi-langt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggert Claessens og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 500 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akureyrar 16. apríl 1941.

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar gegn Bolla Eggertssyni, Strandgötu nr. 21 Akureyri, með stefnu útg. 4. febr. s. l., og er málið höfðað gegn honum af réttvísinnar hálfu fyrir brot á 23. kap. — manndráps og líkamsmeiðingar — almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940, en af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða.

Þykir þá rétt fyrst að gera grein fyrir þeim málsatvikum, sem sönnur eru færðar á með játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu.

Að kvöldi hins 30. nóvember s. l., kl. 11.35, var lögreglunni tilkynnt, lögregluþjóni Magnúsi Jónassyni, að slys hefði orðið fyrir framan nr. 77 í Hafnarstræti hér í bæ. Lögregluþjónninn fór þegar á vettvang ásamt manni, er lögregluþjónninn hafði kvatt sér til aðstoðar. Maður lá þar á götunni í blóði sínu, Konráð Antonsson, og voru hjá honum eða á staðnum þessir menn: Óskar Antonsson, Alfreð Júlíusson og Páll Halldórsson. Lögregluþjónninn sá um, að hinn slasaði maður var þegar fluttur á sjúkrahúsið, og náði því næst í eftirlitsmann bifreiða, Snæbjörn Þorleifsson, og hófu þeir leit að bifreið þeirri, er þeir töldu, að völd væri að slysinu. Bifreiðina fundu þeir á Þverá í Öngulstaðahreppi, nr. A — 61, og hafði bifreiðarstjórinn, ákærður Bolli Eggertsson, ekið henni þangað, því dansleikur var að Þverá.

Ákærður ók með lögreglunni til sjúkrahússins á Akureyri, og var þar tekið blóðsýnishorn af honum.

Daginn eftir, 1. desember, sendi ofan nefndur lögregluþjónn, Magnús Jónasson, skýrslu sína um slysið til lögreglustjóra, og sama

dag tók yfirlögregluþjónninn skýrslu af nokkrum mönnum, er líklegt var, að gætu eitthvað um slysið borið.

Ákærður á bifreiðina A 61, sem er flutningabifreið, í félagi við þá Kristján Albertsson og Árna Friðriksson. Ók hann bifreiðinni umræddan dag, laugardaginn 30. nóvember, fyrir Kristján Albertsson.

Kl. 9 á laugardagskvöldið komu þeir Kristján og Árni Friðriksson heim til ákærða, og eins og síðar verður dregið á, kom þar einnig maður að nafni Stefán Guðjónsson.

Ákærður ók fyrst heim til Árna, Kristján og Árni voru í bílnum. Var því næst ekið til Kristjáns, því hann átti böggla í bifreiðinni. Kristján hafði ekki á sér úr, en telur, að klukkan hafi verið yfir 10,30, er þeir skildu, hann og ákærður. Ákærði ók með Árna niður í Strandgötu, og hjá húsi Kaupfélags verkamanna fór Árni úr bifreiðinni. Hjá þessu húsi hitti ákærður stúlkurnar Öldu Kristjánsdóttur og Ingibjörgu Björnsdóttur. Var nú ekið að bifreiðarstöð Oddeyrar, sem er skammt frá kaupfélagshúsinu, og tók ákærður þar benzín á bifreið sína. Fór Alda Kristjánsdóttir þá út úr bifreiðinni, en Ingibjörg ók áfram með ákærða, sem ók eins og leið liggur suður Skipagötu, fram hjá svokölluðu Gudmannshúsi, og suður að trjáviðarhúsi Kaupfélags Eyfirðinga, en þar vildi slysið til, og er slysstaðurinn merktur með krossi á uppdrætti þeim, er lagður hefur verið fram undir rannsókn málsins.

Þá kemur til athugunar, að hve miklu leyti ákærður var undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærður kannaðist við það þegar í byrjun, að hann hefði drukkið $\frac{1}{2}$ flösku af „Gin“ umrætt kvöld með þeim Kristjáni Albertssyni og Árna Friðrikssyni. Kristján átti áfengið, og var það drukkið með 2 flöskum af citron. Síðar upplýstist, að fjórði maðurinn, Stefán Guðjónsson, hafði drukkið með þeim áfengið. Ákærður hefur staðfest, að hann hafi ekki drukkið þenna dag annað áfengi, áður en slysið varð, og heldur fram, að hann hafi ekki verið það undir áhrifum vins, að hann væri örari en venjulega. Um þetta atriði, ölvun ákærða, hefur farið fram ýtarleg rannsókn.

Það bendir ekkert til þess, að ákærður hafi drukkið hlutfallslega meira úr Ginflöskunni en félagar hans, þvert á móti hafa þeir Árni Friðriksson og Stefán Guðjónsson látið þá skoðun í ljósi, að ákærður muni hafa drukkið lítið, því hann hafi verið í snúningum. Báðir þessir menn og Kristján Albertsson bera það fyrir réttinum, að þeir hafi ekki veitt því eftirtækt, að ákærður væri undir áhrifum vins.

Þá hefur og vitnið Sigurður Sigurgeirsson frá Syðra-Hóli, er hitti ákærða á dansleiknum á Þverá og kveðst þekkja hann vel, borið það, að það hafi ekki merkt það, að ákærði væri undir áhrifum áfengis.

Vitnið Alda Kristjánsdóttir, sem ók lítinn spöl með ákærða, sá ofurlítið á ákærða eða sýndist hann hafa drukkið eitthvað.

Vitnið Ingibjörg Björnsdóttir sá ekki í fyrstu, að ákærði væri undir áhrifum, en þá er hún veitti því eftirtekt, ætlaði hún ekki að aka með honum, en það varð þó úr, að vitnið fór með ákærða á dansleikinn.

Vitninu Svavari Jóhannessyni virtist ákærður vera undir áhrifum áfengis, er það afhenti honum benzín á bifreiðina, rétt áður en slysið varð. Vitnið dró þessa ályktun af framkomu ákærða, en gat að öðru leyti ekki gert nánari grein fyrir henni.

Loks hefur lögregluþjónn Magnús Jónasson borið fyrir rétti, að honum hafi virzt ákærður áberandi drukinn, þó hafi hann ekki reikað í gangi og ekki hafi heyrst verulega á mæli hans, og löggæzlumaður Snæbjörn Þorleifsson telur, að Bolli hafi verið talsvert undir áhrifum vins. En eins og rannsóknin ber með sér, drakk ákærður áfengi á Þverá, eftir að slysið varð og áður en þessi tvö síðast töldu vitni sáu hann.

Framburður þessara tveggja vitna verður því ekki lagður til grundvallar, þegar meta á ölvun ákærða, áður en slysið varð, heldur skýrslur þeirra vitna, er sáu hann rétt áður en slysið bar að höndum.

Það er þá yfirleitt skoðun réttarins, að þótt áfengisneyzla ákærða samkvæmt skýrslu hans og vitnaframburðarins hafi ekki verið mikil, hefur hann þó skýlaust brotið gegn 5. gr. laga nr. 70 1931 um notkun bifreiða.

Tekið skal fram, að eins og skýrt er frá í prófum málsins og af þar til greindum ástæðum, fór aldrei fram rannsókn á blóði ákærða, enda mundi það ekki hafa orðið að tilætluðum notum, fyrir þá sök að hann neytti áfengis að Þverá eftir slysið.

Loks er þá síðasti þáttur þessa máls.

Í hvaða sambandi stóð bifreiðaakstur ákærða við dauða Konráðs Antonssonar, en hann andaðist á sjúkrahúsinu 3. desember s. l. af afleiðingum höfuðáverka þess, er hann hlaut. Bifreiðin A 61 er venjuleg vöruflutningabifreið. Samkvæmt skýrslu yfirlögregluþjóns var stýrishúsið 167 cm. á breidd, en hæð þess frá jörðu 195 cm., og eftirlitsmaður bifreiða á Akureyri hefur gefið þá skýrslu, að bifreiðin hafi verið í sæmilegu ásigkomulagi að öðru leyti en því, að afturljós hennar loguðu ekki umræddan dag. Bifreiðin var tóm að vörum. Um ökuhraðann skal þetta tekið fram. Ákærður kveðst sjálfur hafa ekið með um 20 km. hraða, en samkvæmt lögreglusamþykkt Akureyrar er heimilt að aka 20 km. á klst. Lögregluþjónninn Magnús Jónasson hefur borið það fyrir rétti, að hann sá bifreiðina rétt áður en slysið varð, að ekkert grunsamlegt eða athugavert hafi verið við aksturinn, og yfirleitt hefur ekkert það komið fram undir rannsókn málsins, er bendir

til, að ákærður hafi ekið hraðara en leyfilegt er. Aðeins eitt vitni hefur borið, að „ákærður ók frekar hart, en getur annars ekkert um hraðann borið.“

Það er upplýst, að ákærður ók réttu megin á veginum, sem og það, að menn þeir, er mættu bifreiðinni, þar á meðal Konráð Antonsson, voru hægra megin á veginum, en samkvæmt umferðareglunum áttu þeir að vikja til vinstri. Yfirleitt virðist ákærður þannig hafa fullnægt þeim reglum, sem krafizt er við bifreiðakstur, að því undanskildu, að afturljós bifreiðarinnar loguðu ekki. Tekið skal fram, að færið á götunni var gott.

Vitnið Ingibjörg Björnsdóttir sat við hliðina á ákærða í bifreiðinni, hægra megin, stýrið var vinstra megin, og sá 3 eða 4 menn koma á móti bifreiðinni. Vitnið sá þetta út um framrúðu bifreiðarinnar, en ekki í gegnum hliðargluggann. Vitninu virtist fyrst, þá er hún sá mennina, þeir koma á móti bifreiðinni, en síðar virtist vitninu þeir vera á hlið við bifreiðina. Um fjarlægð bifreiðarinnar frá mönnum þessum getur vitnið lítið annað sagt en það, að þeir hafi verið nokkuð langt frá henni.

Að öðru leyti var framburður þessa vitnis í aðalatriðum þessi:

1. Í réttarhaldinu 2. desember ber vitnið, að framskermurinn vinstra megin hafi komið við hlið eða læri á einum mannum, en ekki sá hún hann detta, seinna tekur vitnið fram, að það geti ekki fullyrt, hvort bifreiðin hafi komið við manni eða ekki.
2. Vitnið kveðst hafa sagt við ákærða, að maður muni hafa rekizt á bifreiðina. Heldur þó, að ákærður hafi ekki tekið eftir þessu.
3. Vitnið telur, að ákærður hafi sagt „hvort það gæti verið, að hann hefði stímað á mann.“
4. Vitninu virtist maðurinn, er síðast gekk, eins og slangra að bifreiðinni.
5. Vitnið hefur ávallt haldið því eindregið fram, að það hafi ekki séð manninn detta.
6. Vitnið varð ekki vart við á hreyfingu bifreiðarinnar, að hún rækist á.

Framburður vitnisins er nokkuð á reiki, enda er þess að gæta, að myrkur var og ekki önnur birta en sú, er lagði af bifreiðaljósunum og götuljósum, en þau voru svo langt í burtu, eins og uppdrátturinn, rskj. nr. 7, ber með sér, að um litla birtu hefur verið að ræða frá þeim. Þá er þess að gæta, að vitnið er aðeins 16 ára.

Þeim Páli Halldórssyni, Óskari Antonssyni og Alfreð Júlíussyni kemur öllum saman um það, en þeir hafa verið leiddir sem vitni, að Konráð heitinn hafi orðið þeim samferða á götunni, án þess þó að öðru leyti að hafa verið með þeim, og gekk hann þeirra

aftastur. Páll Halldórsson telur sig hafa verið um 2 faðma á undan Konráði. Nánari upplýsingar hafa ekki fengizt um afstöðu Konráðs heitins. Þó hefur vitnið Bragi Guðjónsson borið, að því hafi virzt Konráð ganga vestast. Þá eru samhljóða vitnisburður Páls, Óskars og Alfreðs um það, að þeir hafi heyrt smell, og er þeir litu við, lá Konráð á götunni, en enginn þeirra sá, með hvaða atburðum slysið varð. Mennirnir voru allir beðnir að gera nánari grein fyrir hljóðinu „smellur“. Ber þá einn þeirra, að hljóðið hafi verið líkt því eins og eitthvað slæst laust við járn eða því um líkt, annar svarar, að þessu líkt hafi hljóðið ekki verið, heldur líkara hljóði sem kemur fram, þegar maður stappar niður fæti á harða götu, þriðji maðurinn gat enga nánari skýringu gefið um hljóðið. Verður þannig engin ábyggileg ályktun dregin af hljóði þessu um það, hvort bifreiðin hafi snert manninn eða ekki.

Skýrsla ákærða er í aðalatriðum á þessa leið:

Í fyrstu heldur hann fram, að hann hafi séð 3 eða 4 menn á eystri vegarkantinum, en seinna breytir hann þessum framburði sínum á þá leið, að hann hafi aldrei séð fjórða manninn, og telur, að honum hafi í fyrstu verið nokkuð óljóst, hve mennirnir voru margir. Þá kveðst hann aldrei hafa séð stakan mann og getur þess, að ef svo hefði verið, mundi hann í byrjun hafa kannazt við það. Ákærður hefur ávallt staðhæft, að hann hafi enga hugmynd haft um að bifreið hans hafi snert mann og ekki heldur heyrt, að vitnið Ingibjörg Björnsdóttir hafi haft orð á því, að maður hefði rekizt á bifreiðina. Ef hann hefði heyrt þetta, mundi hann strax hafa stöðvað bifreið sína. Þá kveðst ákærður vera sannfærður um það, að hann hafi aldrei viðhaft þau orð í bifreiðinni „hvort það gæti verið að hann hefði stímað á mann.“ Ákærður kveðst hafa beygt inn á götuna, þegar hann sá mennina, til þess að vera öruggur um, að ekki yrði árekstur, sem honum kom ekki til hugar að gæti orðið. Þá kveðst ákærður ekki hafa orðið var við neina óeðlilega hreyfingu á bifreiðinni, og verði þó bifreiðarstjórar strax varir við, ef bifreiðin snertir eitthvað. Loks tekur ákærði fram, að hann efist ekki um það, að bifreið hans hafi rekizt á Konráð heitinn, án þess að hann vissi um það.

Framangreindri skýrslu ákærða hefur í aðalatriðum ekki verið hnekkt. Sérstaklega skal tekið fram, að gegn eindreginni neitun ákærða eru ekki færðar sönnur á, að hann hafi vitað, að bifreið hans snerti mann, að hann hafi heyrt, að vitnið Ingibjörg Björnsdóttir hafi haft orð á því við hann, að maður hafi rekizt á bifreið hans, að hann hafi viðhaft þau orð „hvort það geti verið, að hann hafi stímað á mann.“ Hins vegar er ákærður einn um þá staðhæfingu, að hann hafi sveigt bifreið sína inn á götuna, þegar hann sá mennina.

Önnur atvik í þessu máli en þau að framan eru þessi:

1. Sjúkrahúslæknirinn hefur lýst áverka þeim, er Konráð heitinn varð fyrir, á þessa leið: „Sjúkl. hafði fengið mikið högg á höfuðið framan til hægra megin, svo að hársvörðurinn var sundurmarinn og hauskúpan mölbrotin á allstóru svæði, og við það hafði myndast dæld inn í höfuðið. Út úr sárinu rann blóð og heilavefur. Áverkinn var því líkastur, að höfuðið hefði slegist með miklu afli á einhvern tiltölulegan sléttan flöt, t. d. malbikaða götu.“ Aðrir áverkar sáust ekki „að undanskildum nokkrum mjög smávægilegum hrufslárum á höndum,“ sem læknir þó er í vafa um, hvort maðurinn hafi fengið við áfallið. Þá tekur læknirinn fram, að hjúkrunarkonan, er þvoði líkið, hafi ekki séð neinn blett eða hrufu á líkinu.
2. Þá hefur augnlæknirinn gefið skýrslu um, að hann hafi skoðað Konráð Antonsson 13. apríl 1939, þá átján ára gamlan, og var sjón hans þá á hvoru auga þannig:

$$0. \text{ ds. } 0,10 \div 0,50 = \div 1,0 \text{ cyl. } 160^\circ$$

$$0. \text{ s. } 0,10 \div 0,50 = \div 1,0 \text{ cyl. } 10^\circ$$

Tekur augnlæknirinn fram, að allt bendi til þess, að hér væri um ólæknandi sjúkdóm í sjóntaug og nethimnum augnanna að ræða.

3. Konráð heitinn virðist hafa legið með höfuðið, þar sem X er á uppdrættinum, og fæturnir á malbikaðri götunni.

Í myrkrinu, þegar slysið varð, hefur lögreglan ekki athugað bilförin — en þarna er oft mikil umferð — og verður því ekki um það sagt, hve langt Konráð hefur legið frá þeim stað, er bifreiðin ók fram hjá honum. Þá er það athugavert, að áverkinn er hægra megin á höfði Konráðs heitins og að enginn marblettur er á líkinu.

4. Lögreglan athugaði bifreiðina þegar á Þverá, hvort blóð sæist á henni, en svo var ekki.

Rétturinn vill nú þegar taka fram, að hann getur ekki gert sér ábyggilega hugmynd um það, hvornig slysið vildi til. Það eitt er upplýst, að Konráð heitinn gekk aftastur þeirra fjöggra manna, og vitnið Bragi Guðjónsson hefur, eins og áður er tekið fram, borið, að Konráð hafi gengið þeirra vestast. Sama vitni kveðst ekki geta sagt um það, hvort bifreiðin hafi rekist á manninn, en hún hafi farið í skyggilega nærri honum. Þá skýrir vitnið Ingibjörg Björnsdóttir svo frá, eins og áður er tekið fram, að því virtist maður, er síðast gekk, eins og slangra að bifreiðinni.

Um fjarlægð bifreiðarinnar frá mönnum þeim, er bifreið ákærða mætti, skal tekið fram, að einn þeirra telur, að bifreiðin hafi verið „nokkuð langt“ frá þeim, og hafi bifreiðin því ekki þurft að beygja eða vikja, en tveir þeirra bera, að þeir hafi ekki talið sig í neinni hættu hennar vegna, og geta ekki nánar gert grein fyrir fjarlægðinni.

Enda þótt ekki sé sönnun fengin fyrir þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi sveigt bifreiðina inn á veginn, þegar hann sá mennina, þá bendir hins vegar ekkert til þess, að hann hafi sveigt að mönnum, heldur má gera ráð fyrir, að hann að minnsta kosti hafi ekið beint áfram. Rétturinn er því þeirrar skoðunar, að ef bifreiðin hefur rekizt á Konráð heitinn, þá hefur Konráð hlotið að nálgast hana á einhvern þann hátt, er bifreiðarstjórinn ekki gat átt von á, og er ekki ólíklegt, að hér hafi eitthvað umráðið, að Konráð heitinn hafði mjög dapra sjón, sbr. vottorð augnlæknis, en dimmt á götunni. Annars staðar hefur verið tekið fram, að Konráð heitinn, eins og hinir þrir menn, er gengu á undan honum, var á hægri vegarkanti, en samkvæmt umferðareglunum áttu þeir að vikja til vinstri.

Samkvæmt framanskráðu verður ákærða ekki gefið að sök áverki sá, er Konráð Antonsson varð fyrir og leiddi hann til dauða. Ber því að sýkna ákærða Bolla Eggertsson af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Hins vegar hefur ákærði brotið gegn 3. gr. 3 b. bifreiðalaganna frá 8. september 1931, þar sem afturljós bifreiðarinnar logaði ekki, og gegn 5. gr., 3. mgr., sömu laga, sbr. 14. gr., þar sem hann neytti áfengis við bifreiðaaaksturinn, og þykir refsing hans, sem ekki áður hefur sætt ákæru eða hegningu, eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður skal sviptur leyfi til að stjórna bifreið í 6 mánuði að telja frá 1. desember f. á., að ökuskirteinið var tekið af honum.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 80 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda hans hér í réttinum, Friðriks Magnússonar lögfræðings.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Bolli Eggertsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli, en fyrir brot á bifreiðalögunum greiði hann 200 krónur í sekt til rikissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal ákærður sviptur leyfi til að stjórna bifreið í 6 mánuði að telja frá 1. desember s. l.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 80 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hér í réttinum, Friðriks Magnússonar lögfræðings.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.